

PCC BakkiSilicon hf.

GRÆNT BÓKHALD 2020



info@pcc.is
www.pcc.is

464-0060
Bakkavegur 2
640 Húsavík


EFNISYFIRLIT

Skýrsla forstjóra _____	2
Staðfesting endurskoðanda _____	3
Umhverfisstefna _____	4
Lykiláherslur _____	4
Áhrifaþættir og tækifæri _____	4
Almennar upplýsingar _____	5
Staðan 2020 _____	5
Starfsleyfi _____	5
Afmörkun starfseminnar _____	5
Staðsetning _____	5
Stærð fyrirtækisins og athafnasvæði þess _____	6
Framleiðsluferli _____	7
Umhverfismarkmið _____	9
Lykiltölur 2020 _____	11
Frávik frá starfsleyfi _____	13
Umhverfisatvik _____	13
Umbótatækifæri _____	13

SKÝRSLA FORSTJÓRA

Þessi skýrsla inniheldur grænt bókhald PCC BakkiSilicon hf. og hefur verið gerð með hliðsjón af reglugerð Nr. 851/2002, sbr. staðfestingu þar á í næstu blaðsíðu.

Framkvæmdastjórn PCC BakkiSilicon hf. staðfestir hér með að allar upplýsingar sem fram koma í þessari skýrslu eru réttar og lagðar fram eftir okkar bestu vitund. Upplýsingarnar eiga að gefa nákvæmt yfirlit yfir starfsemi verksmiðjunnar.



Rúnar Sigurpálsson
Forstjóri PCC BakkiSilicon
29.04.2021

STAÐFESTING ENDURSKOÐANDA

Í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald kemur fram að endurskoða þurfi skýrslu um grænt bókhald á sambærilegan hátt og staðið er að endurskoðun fjárhagsbókhalds fyrirtækja. EFLA verkfræðistofa hefur endurskoðað skýrslu PCC BakkiSilicon hf. um grænt bókhald fyrir árið 2020 og rýnt eftirfarandi þætti:

- Hvort skýrsla um grænt bókhald innihaldi þær upplýsingar sem hún á að innihalda skv. 6., 7. og 8. gr. r.g. 851/2002.
- Hvort þær tölulegu upplýsingar sem birtar eru séu í samræmi við gögn úr fjárhagsbókhaldi og vöktun fyrirtækisins á lykiltölum í umhverfismálum.

Það er álit mitt að grænt bókhald PCC BakkiSilicon hf. fyrir árið 2020 sé í samræmi við kröfur reglugerðar 851/2002.

29. apríl 2021

Eva Yngvadóttir, efnaverkfræðingur
EFLA verkfræðistofa



UMHVERFISSTEFNA

PCC BakkiSilicon starfar af ábyrgð gagnvart umhverfinu og er þess meðvitað að starfsemin skilur eftir sig umhverfisfótspor. Stefna PCC BakkiSilicon er að uppfylla að öllu leyti kröfur starfsleyfis og fara fram úr þeim þar sem því verður við komið og jafnframt að vera leiðandi í umhverfismálum á Íslandi. Til þess að lágmarka hugsanlega mengun starfar fyrirtækið eftir kröfum um bestu fánlegu tækni. Fyrirtækið setur verndun umhverfisins ásamt hámarksnýtingu hráefna sem forgangsatriði í daglegri stjórnun. PCC BakkiSilicon hefur gegnsæi að leiðarljósi svo að almenningur, viðskiptaaðilar og eftirlitsaðilar geti með virkum hætti fylgst með umhverfisstarfi fyrirtækisins. Til að hámarka virkni ferla mun fyrirtækið starfa eftir vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi í samræmi við kröfur ISO 14001. Unnið er markvisst úr ábendingum með því markmiði að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar og stuðla þannig að stöðugum umbótum í starfsemi fyrirtækisins.

Lykiláherslur

- Að starfa samkvæmt vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi, ISO 14001.
- Að vakta umhverfisþætti rekstursins á gagnsæjan hátt.
- Að allir starfsmenn fyrirtækisins fái þjálfun og séu meðvitaðir um mikilvægi umhverfisstarfs fyrirtækisins, hagi störfum sínum samkvæmt því og stuðli þannig að aukinni sjálfbærni.
- Að stuðla að stöðugum umbótum á sviði umhverfismála bæði í framleiðsluferlinu sem og á öllum stigum samfélagsins.
- Að umhverfisstarf fyrirtækisins sé í fremstu röð meðal iðjuvera á Íslandi.
- Að lágmarka úrgang sem ekki er hægt að endurvinna eða endurnýta.

Áhrifaþættir og tækifæri

- Til þess að tryggja skilning og fylgni við setta umhverfisstefnu munu starfsmenn hljóta öfluga þjálfun og leiðsögn.
- Góð umgengni stuðlar að aukinni umhverfisvitund starfsmanna og bætir ímynd fyrirtækisins og því er flokkun sorps skipulögð og gott aðgengi að viðeigandi ílátum tryggt.
- Miðlun upplýsinga varðandi hættuleg efni, meðal annars á efnaupplýsingablöðum, eykur öryggi starfsmanna.
- Skynsamleg nýting hráefna og stöðugleiki í rekstri eru lykilatriði varðandi lágmarkun mengunar frá verksmiðjunni.
- Þar sem PCC BakkiSilicon kýs að vera í fararbroddi í uppbyggingu velferðar til framtíðar í samfélaginu eru gegnsæ og góð samskipti við íbúa mikilvæg.

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Staðan 2020

Sjaldan er ein bاران stök, en eftir lærdómsríkt ár sem einkenndist af byrjunarerfiðleikum skall á heimsfaraldur sem átti eftir að reynast afdrifaríkur. Eftir áætlað rekstrarstopp í júlí þar sem skipt var um þak rykhreinsivirkis verksmiðjunnar var sú ákvörðun tekin að hefja ekki rekstur á ný fyrr en hagstæðari markaðsaðstæður hefðu skapast þar sem heimsmarkaðsverð fyrir kísilmálm hafði náð sögulegu lágmarki í kjölfar útbreiðslu COVID-19 veirunnar.

Burtséð frá markaðserfiðleikum á heimsvísu voru einnig staðbundnar þrautir sem leysa þurfti. Óæskilega mikil rykmyndum í framleiðsluferlinu er eitthvað sem fyrirtækið hefur þurft að leita lausna á og var því tíminn í rekstrarstöðvuninni m.a. nýttur til umbóta á ofnunum sjálfum, en þeir voru endurfóðraðir og botnar þeirra endurbyggðir.

Eftir að hafa unnið hörðum höndum að undirbúningi fyrir endurgangsetningu hófst rekstur á ný þann 23. apríl (2021) síðastliðinn með uppkeyrslu annars ofnsins.

Starfsleyfi

PCC BakkiSilicon hefur starfsleyfi fyrir rekstur kísilverksmiðju á iðnaðarsvæðinu á Bakka í Norðurþingi. Heimild er til framleiðslu allt að 66.000 tonnum á ári af hrákísli, allt að 27.000 tonnum af kísildufti/kísilryki, 6.000 tonnum af málmleif og gjalli og 1.500 tonnum af forskiljuryki. Fyrirtækið starfar samkvæmt starfsleyfi útgefnu af Umhverfisstofnun 8. nóvember 2017 og fellur starfsemi þess undir reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Gildistími starfsleyfis er til 8. nóvember 2033 og er Umhverfisstofnun eftirlitsaðili með starfsemi kísilversins.

Afmörkun starfseminnar

Afmörkun starfsemi PCC BakkiSilicon og skil á grænu bókhaldi nær frá móttöku hráefna á skilgreindu starfssvæði PCC BakkiSilicon þar til lokavara er tekin af lóð PCC BakkiSilicon og send til viðskiptavina. Grænt bókhald PCC BakkiSilicon snýr að framleiðslunni, rykhreinsivirkinu, afsogskerfum, aukaafurðum, umgengni á landsvæði PCC BakkiSilicon, kælikerfi, útblæstri, orkunotkun, úrgangi, efnastjórnun og notkun á nauðsynlegum aðföngum.

Staðsetning

Kísilmálmverksmiðjan er reist á lóð sem er um 22 ha (219.800 m²) að stærð, innan skilgreinds 201 ha iðnaðarsvæðis í sveitarfélaginu Norðurþingi, um 3 km norðan við Húsavík. Stór hluti fyrirhugaðs iðnaðarsvæðis og lóðar PCC BakkiSilicon er í hvílt í landinu austur af Bakkahöfða.

Nyrsti hluti svæðisins er lægstur (8 m.y.s.) og austast hækkar landið í átt að þjóðvegnum. Syðst á iðnaðarsvæðinu hækkar landið í átt að hlíðum Húsavíkurfjalls.



Mynd 1. Yfirlitsmynd af starfsvæði PCC BakkiSilicon. Mynd: Gaukur Hjartarson.


Stærð fyrirtækisins og athafnasvæði þess

PCC BakkiSilicon hf. er kísilmálmframleiðandi. Starfsmenn eru um 160 talsins í fullum rekstri og er unnið allan sólarhringinn, allt árið um kring.

PCC BakkiSilicon hefur framleiðslugetu upp á 33.000 tonn af kísilmálm á árlega miðað við fyrsta áfanga verksmiðjunnar. Aukafurðir framleiðslunnar eru jafnframt allt að 14.000 tonn af kísilyki, 3000 tonn af málmleif og gjalli, ásamt 800 tonnum af forskiljuryki.

Athafnasvæði PCC BakkiSilicon er syðst á iðnaðarsvæðinu, í hjalla neðan og vestan við þjóðveginn. Einungis PCC BakkiSilicon nýtir þá aðstöðu sem er innan marka landsvæðisins og girðing afmarkar greinilega starfssvæði PCC BakkiSilicon. Iðnaðarvegur tengir Húsavíkurhöfn við verksmiðjuna þar sem flutningur hráefna og lokavöru fer fram.

Framleiðsluferli




Mynd 2. Framleiðsluferli PCC BakkiSilicon - frá móttöku hráefna til geymslu lokaafurða.

Hráefni koma í gegnum Húsavíkurhöfn og þaðan eru þau keyrð að svæði PCC BakkiSilicon, þar sem þau eru sett í viðeigandi hráefnageymslur. Hráefnum er mokað í daggeyma, þaðan sem þau fara á hráefnabelti sem leiðir þau að ofngeymum og að lokum í ofnana.

Framleiðsla á kísilmálm hjá PCC BakkiSilicon fer fram í tveimur ljósbogaofnum og hefur hvor ofn um sig þrjú rafskaut. Ofnarnir eru hannaðir til að keyra á 24 MW og er hitinn við hvert rafskaut um 2000°C. Kísilmálmur er framleiddur með því að setja kvars ásamt kolefnum í ofninn við þennan mikla hita þar sem súrefnið hvarfast frá kvarsinu og yfir í kolefnin. Kolefnin við framleiðsluna eru kol, trjákurll og kalksteinn.

Töppun kallast sá hluti ferilsins eftir að hráefnin hafa hvarfast og súrefnið er búið að slíta sig frá kvarsinu í ljósbogaofninum. Við þessar aðstæður þarf að tappa kísilmálmnum úr ofninum í deiglu sem rúma 4-5 tonn af fljótandi kísilmálm.

Hráefnin sem notuð eru við framleiðsluna innihalda óæskileg efni eins og t.d. járn og ál og þessi efni þarf að hreinsa úr afurðinni skv. óskum viðskiptavinarins. Til þess er aðallega notað súrefni sem blásið er, ásamt þrýstilofti, í gegnum tappa í botni deiglanna. Súrefnið gerir það að verkum að þessi óæskilegu efni hvarfast úr kísilmálminum þegar honum er hellt í og úr deiglum. Fljótandi kísilmálmi er hellt úr deiglu og í steypumót þar sem hann kólnar. Þegar málmurinn hefur kólnað er hann forbrotinn og geymdur í stíum þar til frekari vinnsla getur hafist.



Mynd 3. Útsteyping á kísilmálm. Mynd: Gunnar Ólason

Eftir útsteypingu og forbrot, ásamt sýnatöku, er málmurinn fluttur í merktar stíur þar sem lokaafurðin er geymd þar til hún fer í mölun og/eða pökkun. Kísilmálmi er annaðhvort hlaðið beint í gám eða settur í stórsekki og svo í gám. Gámarnir eru að lokum fluttir á Húsavíkurhöfn og sendir til kaupanda.

Þau hráefni sem ekki verða að kísilmálmi fara út í gasfasa sem er leiddur að rykhreinsivirki. Í rykhreinsivirkinu eru pokasíur sem safna saman kísilyki. Þetta kísilyki er aukaafurð hjá PCC BakkiSilicon og er því pakkað í stórsekki og sent til viðskiptavina.

UMHVERFISMARMIÐ

Eftir fyrsta heila framleiðsluárið fór PCC inn í árið 2020 reynslunni ríkari og setti sér eftirfarandi markmið er snúa að umhverfismálum:

Tafla 1. Umhverfismarkmið PCC BakkiSilicon fyrir árið 2020

Þáttur	Markmið
<i>Vottun ISO 14001</i>	Lok árs 2020
<i>Flokkun úrgangs vegna reksturs</i>	90%
<i>Hámarkslosun í útblæstri frá ofnum (janúar – júní)</i>	<20 mg/Nm ³
<i>Hámarkslosun í útblæstri frá ofnum (júlí – desember)</i>	<5 mg/Nm ³
<i>Rykmengun frá öðrum uppsprettum</i>	<20 mg/Nm ³
<i>Umhverfis dagar</i>	2

Ekki var lagt í að hefja ISO 14001 vottunarferli sökum rekstrarstopps og ljóst er að ekki verður hægt að leggja í slíkt verkefni fyrr en ofnar eru komnir í stöðugan rekstur á ný.

Flokkun úrgangs gekk vel á síðastliðnu ári, en rétt tæplega 93% alls úrgangs var flokkaður.

Rykhreinsun hefur ekki gengið óskum og var árið 2020 sérstaklega strembið í þeim efnunum. Meðallosun ryks í útblæstri eftir hreinsivirki reyndist vera 33.10 mg/Nm³ fyrir árið, en hámarkslosun í starfsleyfi var 20 mg/Nm³. Ný viðmiðunarmörk fyrir hámarkslosun í útblæstri tóku gildi í júlí, en nú er hámarkslosun í útblæstri einungis 5 mg/Nm³. Í byrjun júní sendi PCC Umhverfisstofnun tilkynningu þess efnis að fyrirtækið myndi ekki geta uppfyllt skilyrði nýju viðmiðunarmarkanna án frekari aðgerða. Meðallosun í útblæstri í júlí reyndist vera 8.73 mg/Nm³, en þó aðeins með einn ofn í rekstri. Mikið hefur verið lagt í endurbætur á þessu sviði, en eftir rekstrarstöðvun í fyrra var m.a. skipt um þak rykhreinsivirkisins.

Rykmengun frá öðrum uppsprettum (hráefnismeðhöndlun, hreinsun og útsteyping, mölun og pökkun) var undir losunarmörkum í öllum tilfellum.

PCC setti sér það markmið að halda tvo umhverfisdaga árið 2020, einn að vorlagi og annan undir sumarlok. Í lok maí fór hópur starfsmanna og tíndi upp rusl í fjörunum fyrir neðan verksmiðjuna. Því miður tókst ekki að halda seinni umhverfisdaginn.



Mynd 4. Afrakstur fjöruhreinsunarinnar.

LYKILTÖLUR 2020

Samantekt á lykiltölum má finna í töflu Tafla 2. PCC BakkiSilicon vinnur að stöðugum umbótum og þar sem verksmiðjan er enn tiltölulega ný er mikið um fínstillingar á tækjabúnaði, hráefnauppskriftum og skipulagningu ferla. Til að fylgjast vel með gangi mála og auðvelda samanburð, bæði fyrir fyrirtækið sem og aðra hagsmunaaðila, eru eldri tölur birtar ásamt nýjum í árlegu grænu bókhaldi.

Tafla 2. Niðurstöður græns bókhalds PCC BakkiSilicon fyrir árið 2020. Rauðar tölur tákna gildi yfir starfsleyfismörkum.

Framleiðsla	Eining	2018	2019	2020	Starfsleyfi
Kísilmálmur	tonn	8,177	19,182	11,440	66,000
Kísilryk	tonn	4,427	11,572	9,988	27,000
Málmleifur - gjall	tonn	670	2,069	1,622	6,000
Forskiljuryk ⁽¹⁾	tonn	500	800	412	1,500
Hráefnanotkun	Eining	2018	2019	2020	Starfsleyfi
Kvars	tonn	21,266	57,271	33,444	-
Kol	tonn	17,346	34,617	20,672	-
Viðarkol	tonn	0	352	0	-
Kalksteinn	tonn	338	624	161	-
Viðarkurl	tonn	26,260	48,178	25,585	-
Forbökðuð rafskaut	tonn	1,146	1,861	1,387	-
LPG	tonn	249	372	203	-
Brennisteinsinnihald í hráefnum	Eining	2018	2019	2020	Starfsleyfi
Meðaltal í kolum	Hlutfall af heildarnotkun	0.46%	0.42%	0.42%	-
Heildarmagn í notuðum hráefnum	Tonn	80.13	145.34	86.56	-
Auðlindanotkun	Eining	2018	2019	2020	Starfsleyfi
Raforka	GWst	150	293	181	-
Kalt vatn ⁽²⁾	m ³	424	121	121	-
Eldsneyti á bíla og vinnutæki	tonn	231	145	106	-
Losun í andrúmsloft	Eining	2018	2019	2020	Starfsleyfi
Gróðurhúsalofttegundir					-
<i>vegna bruna á jarðefnaeldsneyti</i>	tonn CO2 ígildi	50,402	98,405	58,966	-
<i>frá lífmassa</i>	tonn CO2 ígildi	45,221	84,140	44,059	-
Brennisteinsdíoxíð (SO ₂) ⁽³⁾	kg/tonn Si	0.78	0.61	0.60	15
Heildarlosun brennisteinsdíoxíð (SO ₂)	tonn	160.1	290.4	172.9	-
Heildarlosun ryks frá reykheinsivirki	kg/tonn	0.57	0.62	2.91	2.5
Ársméðaltal öll útblástursop (ryk)					-
<i>Útblástur frá ofnum eftir hreinsivirki</i>	mg/Nm ³	10.44	13.68	33.10	20 / 5 (frá 1. júlí)
<i>Hreinsun og útsteyping</i>	mg/Nm ³	0.46	0.20	0.24	20
<i>Hráefnismeðhöndlun</i>	mg/Nm ³	3.18	4.59	13.72	20
<i>Mölun og þökkun</i>	mg/Nm ³	1.58	0.13	0.02	20
Þungmálmur í kísilryki ⁽³⁾					-
<i>Arsen (As)</i>	kg	0	0.00	0.00	3.5
<i>Kadmín (Cd)</i>	kg	0.82	2.06	1.18	5
<i>Króm (Cr)</i>	kg	0	0.00	0.00	1
<i>Kopar (Cu)</i>	kg	4.25	8.51	4.63	8
<i>Kvikasilfur (Hg)</i>	kg	0	0.00	0.00	1

Bly (Pb)	kg	0.56	1.39	0.80	30
Sink (Zn)	kg	26.33	50.01	26.90	60
Díoxíð og fúrön í útblæstri ⁽⁴⁾					-
Útblástur eftir hreinsivirki	g	-	-	-	0.4
Fjölrhinga aromatísk vetniskolefni í útblæstri (PAH-16) ⁽⁴⁾					-
Útblástur eftir hreinsivirki	kg	-	-	-	2
Losun í ofanvatn	Eining	2018	2019	2020	Starfsleyfi
Svífagnir ⁽⁵⁾	mg/L	15.6	44.8 38.9	47.5 16.6	< 35
Lóðamörk	Eining	2018	2019	2020	Starfsleyfi
Hávaði ⁽⁶⁾	db	-	66 55	-	-
Úrgangur	Eining	2018	2019	2020	Starfsleyfi
Úrgangur til endurvinnslu					
Blandaður pappi og pappír	tonn	5.1	6.3	2.5	-
Bylgjupappi	tonn	7.0	0.1	0.6	-
Kurl	tonn	131.9	4.4	0.0	-
Timbur	tonn	169.1	224.8	92.2	-
Málmur	tonn	119.6	46.2	17.2	-
Plastumbúðir / stórsekkir	tonn	1.0	15.3	17.9	-
Lífrænt til moltugerðar	tonn	1.1	4.1	2.4	-
Smáílát	tonn	0.6	2.4	0.0	-
Jarðvegur	tonn	13.8	15.0	0.0	-
Gler	tonn	0.1	0.0	<0.1	-
Raftæki	tonn	0.0	0.0	0.0	-
Spilliefni til förgunar					
olíu og glussamengaður úrgangur	tonn	1.9	14.6	0.92	-
Eftirlitssk.úrg. ódælanlegur	tonn	6.9	0.0	0.16	-
Málning	tonn	0.2	0.0	0.00	-
Prentlitir og prenthylki	tonn	0.1	0.0	<0.1	-
Flokkaður úrgangur til urðunar					
Uppsöp af fínefnum frá hráefnum	tonn	17.0	1138.0	0.0	-
Ónothæft kísilyrk	tonn	0.0	116.7	541.9	-
Óseljanlegt kísilgjall og málmleifar	tonn	0.0	0.0	0.0	-
Ónýtar múrfóðringar frá ofnum og deiglum	tonn	79.3	23.5	0.0	-
Forskiljuryrk	tonn	97.2	0.0	0.0	-
Timbur – lítað				12.7	
Blandaður úrgangur	tonn	132.4	80.7	25.4	-
Grófur úrgangur	tonn	574.7	377.8	28.5	-
Úrgangur samtals	Samtals tonn	1359.0	2069.8	742.5	2500
Umhverfisatvik ⁽⁷⁾	Samtals	1	2	1	-
Merkt atriði ^(x)	Útskýring				
1) Forskiljuryrk	Magn áætlað út frá talningu stórsekkja og magntöku efnis.				
2) Kalt vatn	Áætluð viðbót miðað við þörf lokaðs kælikerfis				
3) SO ₂ og þungmálmur í kísilyrki	Útreiknað. Fyrsta mæling verður framkvæmd 2021.				
4) PAH-16, díoxíð og fúrön í útblæstri	Fyrsta mæling verður framkvæmd 2021.				
5) Svífagnir	Tvær mælingar á ári. Tölur eru í réttri tímaröð.				
6) Hávaði	Fyrri tala er norðan megin við verksmiðju og seinni tala sunnan megin. Mæling á fjögurra ára fresti.				
7) Umhverfisatvik	Nánar tilgreind í skýrslu				

Frávik frá starfsleyfi

Í töflu Tafla 2 er að finna þrjú frávik frá starfsleyfi. Heildarlosun ryks frá rykhreinsivirki reiknaðist sem 2.91 kg/tonn, en starfsleyfismörk hljóða upp á 2.5 kg/tonn. Daglegt meðalgildi útblásturs frá ofnum mældist 33.10 mg/Nm³, en starfsleyfismörk voru 20 mg/Nm³ þar til í júlí, en þá tóku gildi ný starfsleyfismörk, 5 mg/Nm³. Meðaltal daglegra meðalgilda frá júlí reyndist vera 8.73 mg/Nm³, í skertum rekstri. Svifagnir í fyrri frárennslismælingu mældust 47.5 mg/L, en starfsleyfismörk eru 35 mg/L.

Öll þrjú frávik má að einhverju leyti rekja til vandræða í rykhreinsivirki verksmiðjunnar. Mikið var um stíflur í lögnum rykhreinsivirkisins sem voru oft losaðar með því að hleypa kísilryki framhjá pokasíum á gólf virkisins. Við þetta þyrlast ryk upp og orsakar há mæligildi. Til að hreinsa upp ryk sem hleypt var framhjá síum þurfti að nota sugubíla, en við slíkar aðgerðir setjast rykagnir óhjákvæmilega á útisvæði fyrir utan pokasíuhús og skolast niður í frárennslislagnir, sem endurspeglast í niðurstöðum frárennslismælinga.

Umhverfisatvik

Eitt umhverfisatvik var skráð hjá fyrirtækinu árið 2020 þegar gryfja var opnuð tímabundið á lóð PCC sem neyðarúrræði við hreinsun á rykstíflu í rykhreinsivirki sem hafði verið losuð á gólf. Eini tiltæki sugubíllinn á þessum tímamarki reyndist vera blautsugubíll, en því þurfti að bleyta upp í rykinu til að ná því í bílinn og var það gert í áðurnefndri gryfju. Að hreinsun lokinni var rykið verkað upp úr gryfjunni og komið í förgun hjá fagaðila og gryfju lokað. Skv. gr. 3.17 í starfsleyfi PCC er hvers konar urðun úrgangs á verksmiðjusvæði PCC óheimil en leyfi Umhverfisstofnunar var ekki aflað áður en gripið var til þessa ráðs. Atvikið var svo tilkynnt til Umhverfisstofnunar þann 8. maí, 2020.

Umbótataækifæri

Í rekstrarstoppinu hefur áhersla verið lögð á umbótaaðgerðir sem miða að því að minnka rykmyndun í framleiðsluferlinu, m.a. með framkvæmdum á rykhreinsivirkinu sjálfu, endurfóðrun ofna, þjálfun starfsmanna o.fl. Þegar framleiðsla fer af stað á ný verður þessi liður vaktaður vandlega til þess að sjá hvort ofangreindar aðgerðir skili þeim árangri sem vonast er eftir.